



# NAUSTASKÓLI

*Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!*

## Starfsáætlun 2021-2022

4. og 5. bekkur

Harpa Friðriksdóttir

Katrín Júlía Pálmadóttir

Sigríður Jóna Ingólfssdóttir

Silvía Björk Kristjánsdóttir

Vala Björt Harðardóttir

## Námsumhverfi og skipulag

Í öllum námsgreinum er unnið út frá markmiðum Naustaskóla sem unnin eru út frá Aðalnámskrá. Kennsluáætlanir eru unnar út frá þáttum í ársáætlun teymis. Kennsluáætlanir í íslensku og þema verða meðal annars unnar út frá byrjendalæsi ásamt því að 5. bekkur verður í þróunarverkefni á vegum Háskólans sem nefnist Læsi fyrir lífið.

Námsmat er unnið jafnt og þétt yfir veturinn. Í öllum fögum kemur fram á áætlunum hvaða markmið unnið er með og hvernig námsmati er háttað. Kennsluáætlanir unnar út frá markmiðum Naustaskóla og er unnið með hvern námsþátt á fjölbreyttan hátt í gegnum umræður, stöðvavinnu og hlutbundna vinnu. Í kennsluáætlun má sjá á hvaða tímabili unnið er með hvern námsþátt og tilheyrandi markmið. Við mat á námi er notast við kannanir, munnlegt mat og mat á verkefnum. Forritið Seesaw verðu einnig notað við námsmat. Þar munu nemendur vinna verkefni, skrifleg og munnleg, og foreldrum gefst færi á að fylgjast með vinnu nemenda. Í stærðfræði er könnun í lok hvers kafla.

## Jákvæður agi

Bekkjарfundir verða 2 í viku í báðum árgöngum þar sem unnið verður út frá áætlun jákvæðs aga. Unnið verður að því að skapa venjur, útbúa bekkjarsáttmála, ásamt því að kenna notkun verkfæra jákvæðs aga.

Á fimmtudögum verða bekkjарfundir með dagskrá. Á dagskrá verða: Hrós og þakkir, mál á dagskrá og önnur mál. Nemendur hafa nú þegar gott vald á því að setja mál á dagskrá sem og að fara eftir dagskrá fundarins. Því er næsta skref að nemendur þjálfist í að stýra bekkjарfundum án aðstoðar kennara. Nemendur munu fá tækifæri til að stýra bekkjарfundum með því að stjórna þegar farið verður í hrós og þakkir ásamt því að stýra leik og slíta svo fundum. Á þriðjudögum snúast fundir um lífsleikni, verkefni, umræður og verkfæri jákvæðs aga. Fram að áramótum mun verður gerður bekkjarsáttmáli, búinn til griðastaður og lausnastaður í samráði við nemendur ásamt því að skapa störf í bekknum. Á haustönn verður unnið sérstaklega með samskipti. Markmiðið er að fyrirbyggja samskiptaörðuleika stúlkna og drengja. Námsefnið Krakkaspjall verður tekið fyrir einu sinni í viku og munu kennarar fá handleiðslu frá Miðstöð skólaþróunnar á meðan þessari vinnu stendur. Krakkaspjall er verkfæri til að vinna með samskiptahæfni nemenda, að nemendur geti tekið jákvæðan þátt í hverskonar samskiptum í

skólastarfi. Þá læra þau að nýta sína styrkleika betur og efla sjálfsmynd sína. Eftir áramót verður farið í vikulega kynjaskipta fundi. Farið verður sérstaklega í samskipti stúlkna og unnið að því að efla strákahópinn sem heild

## Samvinnunám

Nemendur fá tækifæri til að þjálfa færni sína í samvinnu í gegnum hópverkefni og paravinnu. Unnið er eftir kenningum Samvinnunáms og eru félagsleg markmið höfð að leiðarljósi s.s að tileinka sér tillitssemi, hjálpssemi, þolinmæði og getu til að leysa úr ágreiningi.

## Samþætting

Íslenskukennsla er að stórum hluta samþætt við samfélagsfræði og náttúrufræði í þemavinnu. Einnig verður upplýsingatækni samþætt við þemavinnu þar sem nemendur fá að spreyta sig í sinni vinnu á tölvur og ípada.

## Þemanám

Þema vetrarins eru endurvinnsluþema, plánetuþema, goðafræði, jólaþema, áhugasviðsþema og veður og náttúra

## Upplýsingatækni í kennslu

Notast verður við forritið Seesaw ásamt því að nemendur í 5. bekk kynnist google umhverfinu og Classroom. Einnig verða ýmis önnur forrit og námsleikir notaðir eftir viðfangsefnum.

## Barnasáttmáli sameinuðupjóðanna

Í vetur ætlum við að vinna markvisst með Barnasáttmála sameinuðupjóðanna og ætlum að taka fyrir eina grein í hverjum mánuði. Við ætlum að flétta vinnuna við jákvæðan aga og fjalla um greinar barnasáttmálans á bekkjarfundum og í krók. Við munum einnig vinna með hann í tengslum við grunnþætti menntunar t.d. læsi þar sem við munum nýta okkur verkefnabanka sem hægt er að nálgast á barnasáttmáli.is

## Nemendasamtöl

Nemendasamtöl verða tvö yfir veturinn, eitt á hvorri önn. Eftir viðtalið þá er sett stuttur texti um þá þætti sem ræddir voru í dagbók nemanda á mentor.

## Teymisvinna og Teymiskennsla

Þemað er að hluta til unnið í samkenndu og einnig í aldurs skiptum hópum. Þemun verða unnin á móti smiðjutímum, þá er helmingur nemenda í þemavinnu hverju sinni í bæði 4. og 5. bekk. Sameiginleg ábyrgð er tekin á nemendahópnum. Hverjum árgangi fyrir sig er kennt sem heild og bera umsjónarkennarar hvers árgangs sameiginlega ábyrgð á nemendum og málum hvers og eins. Þannig dreifist álag varðandi samskipti við nemendur og foreldra. Umsjónarkennari er ávallt helsti tengiliður barnsins við heimili og fleira sem viðkemur velferð nemandans. Umsjónarkennari sér um foreldraviðtöl sem eru eitt á hvorri önn ásamt öllum fundum sem eru umfram þau. Ef vísa þarf til námsráðgjafa eða eitthvað innan skóladeildar, ber umsjónarkennari ábyrgð að framfylgja því.

Teymismeðlimir skipta með sér verkum s.s teymisformaður, ritari, föstudagspóstur. Að hausti er útbúið skipulag þar sem að skólaárinu er skipt á milli allra kennara í teyminu og verða því allir einhvern tímann teymis formenn, ritarar á teymisfundum og sjá um að skrifa föstudagspóstinn.

Teymisfundur með stjórnenda verða einu sinni í viku, á miðvikudögum, klukkutími í senn. Einnig verða skipulags- og samráðsfundir á þriðjudögum og fimmtudögum hjá hverjum árgangi fyrir sig.

Lögð verður áhersla á þróun kennsluhátta í upplýsingatækni, nýtingu nýrra forrita og áframhaldandi vinnu með Seesaw og Classroom. Classroom screen verður tekið í notkun og verður notað til upplýsingamiðlunar og til hópa og para skiptinga. Classroom nýtist einnig vel þegar verið er að þjálfa þátttöku nemenda í samræðum og ígrundunum þegar notuð er Engar hendur upp reglan samkvæmt kenningum Leiðsagnarnáms.

Einnig verður lögð áhersla á þróun leiðsagnanáms í starfið. Markmið leiðsagnanáms verður meðal annars að:

- Nemendur hafi trú á eigin getu

- Nemendur vita hvernig nám hefur áhrif á heilann - Hugarfar vaxtar
- Nemendur vita hvers vegna þeir eru að gera það sem þeir eru að gera og þekkja námsmarkmið kennslustunda.
- Nemendur taki þátt í samræðum um námið.
- Aukin áhersla verður á endurgjöf, farið yfir markmið með nemendum á mentor, jafningjamat og sjálfsmat.

## Námsaðlögun og einstaklingsmiðað nám

Námsefni er aðlagð að nemendum eftir þörfum. Stoðkennari sér um að skipuleggja einstaklingsnámskrá þar sem þörf er á og er það þá gert í samráði við foreldra.

Komið er til móts við nemendur með ólíka þarfir og reynt að hafa námsmat og markmið með sem fjölbreyttasta móti. Nemendur hafa yfirleitt val um skil á verkefnum og með því er reynt að koma til móts við styrkleika og getu nemenda.